

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum.

Nr. 70/1910.

Réttvísinn  
gegn  
Eyólfi Ófeigssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 22. okt. f. ár, var hinn ákærði, trésmiður Eyólfur Ófeigsson, dæmdur samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 262. gr., samanborinni við 38. gr. í lögum um aðför 4. nóv. 1887, til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefir stjórnarráðið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar, og sjálfur hefir ákærði lýst því yfir, að hann óskaði dóminum áfryjað.

Eftir skýrslum málsins er athæfi því, sem ákærða er sök á gefin, þannig varið: Samkvæmt kröfu Íslandsbanka fór fram kyrsetningargjörð hjá ákærða 13. maí f. á. til tryggingar fyrir vixli, að upphæð 500 kr., er ákærði hafði samþykkt og bankinn var eigandi að. Ákærði var af fógeta ámintur um að skýra rétt frá efnahag sínum, en hann kvaðst ekki eiga annað en nokkur verkfæri, er nauðsynleg væru honum við vinnu hans. Fógeti skoraði þá á hann, að viðlagðri hegningarábyrgð, að láta af hendi viðskiftabækur og önnur skjöl, er hann kynni að eiga fyrir inneign. Ákærði kvaðst ekkert slíkt eiga, en sýndi þá í fógetaréttinum nokkrar sparisjóðsviðskiftabækur með

smáupphæðum, er börn hans voru skrifuð fyrir, og innlánskírteini við Íslandsbanka, að upphæð 1800 kr., er hljóðaði á nafn sonar ákærða, en þetta skírteini sagði ákærði þá fyrir fúgetaréttinum að væri eign Björns nokkurs Jónssonar snikkara á Bildudal. Síðan var eftir kröfu Íslandsbanka hafin lögregluréttarrannsókn út af þessari skýrslu ákærða, og hélt hann því fyrst fyrir lögregluréttinum fast fram, að áminst innlánskírteini væri eign Björns Jónssonar á Bildudal, en ákærði hafði um nokkurt árabil haft með höndum peningasakir Björns hér í bæ. En er skýrsla var fengin um peningaviðskifti hans og ákærða, og það kom í ljós af henni, að Björn taldi sig eigi eiga meira hjá ákærða en tæpar 400 kr., og eftir ítarlegri yfirheyrslu fyrir lögregluréttinum kannaðist ákærði við það, að hann væri sjálfur eigandi að 1800 króna innlánskírteininu, að honum hafi verið þetta vitanlegt, er fúgetagjörðin fór fram 13. maí f. á., og að hann hafi eignað öðrum manni innlánskírteinið, til þess að koma þessum peningum undan fjárnámi, og hafi hann þó vitað, að þetta var eigi rétt.

Með því að ákærði hlaut að sjá, er kyrsetningargjörðin fór fram, að fjárnám fyrir víxilskuldinni var fyrir höndum, hefir hann gjörst brotlegur við 38. gr. í lögum um aðför 4. nóvbr. 1887, og verður að sæta refsingu fyrir. Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, og hefir eigi áður sætt refsingu eða dómi fyrir neinn glæp. Refsinguna fyrir framangreint afbrot hans ber að ákveða eftir 262. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hæfilegt að hún sé 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Ákærði verður að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, er ákveðast 8 kr., og mál-



flutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 12 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Eyólfur Ófeigsson sæti 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo greiði hann og allan sakarkostnaðinn bæði í héraði og fyrir yfirdómi til skipaðs sækjanda yfirréttarmálaflutningsmanns Eggerts Claessens 12 kr. og málsvarnarlaun í héraði og fyrir yfirdómi til skipaðs verjanda yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar, samtals 20 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. dag febrúarmán.

Nr. 63/1910.

Þórður J. Thoroddsen  
gegn

Birni Kristjánssyni og

Birni Sigurðssyni

f. h. Landsbanka Íslands.

Dómur:

Í máli þessu er áfryjað fúgetaréttarúrskurði og fúgeta-gjörð, er fram fóru hjá áfryjanda eftir kröfu hinna stefndu, dagana 14. og 15. okt. f. á., en fúgetaréttargjörðirnar bera með sér, að í réttinum hafa verið framlögð og þingmerkt